



**Nýársávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
1. janúar 2002**

Góðir Íslendingar

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og vona að gæfa og gengi, góð heilsa og friðsæld fylgi fjölskyldum ykkar, vinum og vinnufélögum á þeirri vegferð sem við nú hefjum.

Fyrir ári fögnuðum við nýrri öld. Við vorum bjartsýn og vonglöð um að þekking og reynsla hefðu þokað mannkyni áleiðis á þroskabraut, aukið skilning á siðum og venjum ólíkra þjóða, fest í sessi einlægum friðarvilja, trúnaðartraust og umburðarlyndi.

Við höfðum á heimaslóðum notið árs og friðar, velfarnaðar og vaxandi þjóðartekna, töldum að hagsældin yrði stöðug og áreynslulaus. Dagsbrún nýrrar aldar virtist skínandi björt, óveðursský og kólguþakkar órafjarri, dauf minning um veðrabrigði sem aldrei frammar mundu aftra för; en á liðnu ári vorum við og veröld öll óþyrmilega á það minnt að enn er friður fjarlægur og mikið verk að vinna eigi vonir okkar ekki að reynast talsýn ein.

Hryðjuverk og fórnardauði þúsunda breyttu heimsmyndinni á augabragði; voldugasta ríki jarðar stóð berskjaldað gagnvart nýrri ógn þegar farþegavélum var breytt í vígtól og beint að verkstöð í iðandi borg með skelfilegum afleiðingum. Þjóðir heims urðu að hefja glímu við grimmdarleg ofbeldisverk af nýjum toga og samstaðan um siðræn gildi varð á skömmum tíma að brýnni nauðsyn.

Við minnumst enn á ný allra sem létu lífið í árásunum á New York og Washington og einnig þeirra sem farist hafa í átökum þar sem hatrið og harkan, bókstafsblinda og heiftartrú, hafa fært leitina að friði á villubraut. Samúð okkar er með ættingjum og vinum sem eftir lifa og við biðjum og vonum að mannfórnum linni, að þjóðir heims beri gæfu til að finna leiðir sem hamli gegn hinni nýju ógn.

Um leið og við lútum höfði til virðingar við þetta fólk minnumst við þeirra sem hafa farist í óvæntri vá og við dagleg störf, ekki síst sjómanna sem drukknuðu við strendur Íslands og vottum fjölskyldum þeirra hluttekningu í sárri sorg. Þrátt fyrir framsókn á fjölmörgum sviðum er sjómennskan enn kjölfesta byggðar í landi okkar og áfram er hættulegt og fórnfúst starf að sækja þjóðinni gull í greipar Ægis.

Það kemur fyrir að einstakir atburðir skipta sköpum í sögu heimsins; áhrif þeirra verða slík að við munum æ síðan hvar við vorum þegar fréttin barst. Á ferð um fámennar sveitir á Langanesi í björtu veðri og djúpri kyrrð heyrðum við samferðafólkið um hin hræðilegu hryðjuverk. Mín fyrstu viðbrögð voru óskín um að nú yrði vandað vel til verka og ekki gripið í skyndi til þess eins að láta vopnin tala því hefndin veitir aldrei öruggt skjól. Nú væri brýnna en nokkru sinni að þjóðir heims sýndu samstöðuna sem sáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur gert að leiðarljósi.

Því ber að fagna að tekist hefur fyrir tilverknað Sameinuðu þjóðanna að skapa víðtækan stuðning við nýskipan stjórnarháttanna í Afganistan, að leiða fulltrúa sundurleitra afla að sáttaborði og efna til viðræðna um efnahagslega endurreisn þessa hrjáða lands sem svo lengi hefur verið leikvöllur ófyrirleitinna stríðsherra, mátt þola kúgun og örbirgð, harðstjórn og fátækt.

Atburðarásin frá 11. september hefur að ýmsu leyti orðið önnur en margir töldu fyrst á eftir í hita leiksins. Bandaríkin hafa kosið með liðsinni Breta að glíma við leitina að forsprökkum hinna skelfilegu ógnarverka án þess að NATO eða Evrópusambandið væru með beinum hætti þátttakendur í þeirri för. Samþykkt NATO á sínum tíma byggð á 5. grein Atlantshafssáttmálans reyndist þegar á hólminn kom fremur vera almenn stuðningsyfirlýsing en fela í sér formlega tilkynningu um styrjaldarþátttöku aðildarríkja og við höfum líkt og flestar þjóðir fylgst með atburðunum úr fjarska.

Það er umhugsunarvert að þegar mest á reyndi voru hvorki Atlantshafsbandalagið né Evrópusambandið sá vettvangur sem áhrifaríkustu ríki heims kusu að gera að samnefnara aðgerðanna sem gripið var til. Annars vegar var beitt aðferðum sem fela í sér að þjóðríkin koma sjálf beint að verki og hins vegar urðu Sameinuðu þjóðirnar til að leiða og samræma björgunarstarf sem ætlað er til endurreisnar. Að þessu leyti höfum við nú orðið vitni að öflugum frumkvæði þjóðríkjanna og samtaka sem þjóðir heims hafa gert að sínum.

Það er því ljóst að spásagnir um breytta skipan þar sem Evrópusambandið yrði kjarninn í nýju öryggiskerfi eiga enn ekki rætur í raunveruleika. Bandaríkin hafa staðið ein að verki og leitað liðsinnis Breta, Rússa og annarra þjóða um leið og Sameinuðu þjóðunum hefur

verið falið það hlutverk að leggja grundvöll að bjartari framtíð íbúanna í Afganistan.

Sú heimsskipan þar sem þjóðríkið er grundvallarþáttur er enn í fullu gildi en það er einmitt hún sem reynst hefur okkar unga lýðveldi affarasæl og heilladrjúg. Við Íslendingar erum vel í sveit settir með þau alþjóðatengsl sem við nú njótum, bæði við Bandaríkin, Evrópuþjóðir og fjarlægari ríki heims. Okkur hefur vegnað ágætlega og engin ástæða til að óttast að við séum að lenda utangarðs eða að örvænta þótt við þurfum nú að takast á við erfiðleika.

Liðið ár var okkur áminning um að það eru fyrst og fremst okkar eigin verk sem úrslitum ráða, að stöðugleiki í verðlagi er hvorki sjálfgefinn né fæst hann án fyrirhafnar. Hann er ávöxtur samræmdrar stjórnar, aga og aðhalds, markvissrar samvinnu ríkis og sveitarfélaga, launafólks og atvinnulífs.

Í ávarpi mínu á nýársdag fyrir ári varaði ég við þeirri ólgu sem framundan væri, hvatti til þess að aðhald og ábyrgð yrðu leiðarljós á markaðstorgi svo að brostnar vonir yrðu ekki mörgum um megn þótt harðnaði á dalnum.

Reynslan á liðnu ári hefur því miður verið á hinn verri veg. Hættumerki frá gömlum verðbólgu tímum hafa birst okkur á ný, gengið hefur fallið og óvissa sett sterkan svip á efnahagslífið, rekstur er víða erfiður og óttinn við gjaldþrot býr í hugum margra. Sá hagnaður sem ýmsir töldu sig eiga í markaðsbréfum hefur horfið líkt og hendi sé veifað og í staðinn er glímt við skuldir vegna lánanna sem tekin voru.

Árið markaði ekki aðeins þáttaskil í heimsmálunum; það voru einnig vegamót í efnahagslífi okkar Íslendinga. Við erum ekki lengur á beinni braut hagsældar og stöðugleika; atburðarásin knýr okkur til að taka málin föstum tókum og vonandi færir samkomulagið sem gert var á jólaföstu þjóðarbúinu sóknarkraft og jafnvægi á ný.

Okkur tókst fyrir röskum áratug að ráða niðurlögum verðbólgunnar sem þjakað hafði þjóðlíf og hagstjórn lungann úr lýðveldistíma. Sáttin sem þá náðist var sannkallað þjóðaráttak.

Við getum einnig nú haldið áfram að þróa hér vaxandi hagsæld öllum til handa en þá þurfum við að hafa burði til að taka erfiðar ákvarðanir, stemma stigu við hallarekstri þjóðarbúsins gagnvart umheiminum og knýja fram aðhald og sparnað sem duga til að snúa þróuninni á ný til betri vegar.

Hluti vandans kann að liggja í því að okkur hefur ekki, hvorki sem einstaklingum né þjóð, tekist að festa í sessi almennan sparnað. Kannski

vegna vanans frá verðbólgtímum þegar best var að kaupa strax áður en fjármunirnir brynnu upp.

Við sjáum nú að forsendan fyrir árangri í framtíðinni er að fylgja fyrirhyggju í ráðstöfun fjár á hverjum tíma, sýna þolinmæði og bíða þar til fjármunirnir hafa safnast saman. Sá sem jafnan rýkur til og tekur lán hjá öðrum áður en hann hefur sjálfur tryggt sinn hlut er svo sannarlega á hættubraut. Því höfum við kynnst á liðnu ári þegar viðskiptahallinn gróf undan gengisfestu.

Við Íslendingar þurfum að temja okkur meiri sparnað og aðhaldssemi, bæði í rekstri hins opinbera og fyrirtækja en líka hjá okkur sjálfum á heimavelli, innan fjölskyldu og í einkalífi. Á sama hátt og við náðum á sínum tíma að snúa hugarfari frá verðbólgu til stöðugleika verðum við nú að gera sparnaðinn að leiðarljósi, festa hann svo í sessi að aldrei aftur fari eyðslan úr böndum, að fyrirhyggja verði dyggð sem allir fylgja.

Árangursrík efnahagsstjórn, vaxandi hagsæld og jafnvægi í þjóðarbúskap eru forsendur þess að sjálfstæðishugsjón okkar haldi velli í umrótinu sem áfram mun ríkja í heimsviðskiptunum. Það er ekki nóg að búa við fullveldi að forminu til heldur verður að sýna í verki að okkur sé sjálfum best treystandi til að taka hinar erfiðu ákvarðanir. Verði áfram órói í efnahagslífi má búast við að trúin á getu Íslendinga til að ráða eigin málum bíði hnekki og hljómgrunnur vaxi fyrir því að leita skjóls í öðrum ranni.

Við megum ekki gleyma því, að fullveldið hefur dugað vel og í krafti þess höfum við vaxið frá fátækt og orðið meðal auðugustu þjóða heims. Fullveldið veitti okkur metnað til að sækja fram, gera skóla og menningarstofnanir samboðnar sjálfstæðri þjóð, búa landsmönnum öllum velferð og lífskjör sem stæðust samanburð við aðrar þjóðir.

Reynsla og þekking, sjálfstraust og frumkvæði, hafa á umliðnum árum eflt glæsilega framsókn einstaklinga og fyrirtækja á fjölbreyttum vettvangi í fjarlægum löndum og vaxandi þátttaka okkar í alþjóðasamtökum sýnir ríkan vilja til að takast á herðar auknar skyldur og er til vitnis um ábyrga afstöðu í heimi sem breytist hratt.

Við eigum óhikað að taka þátt í því með öðrum að skapa mannkyni betri tíma, stuðla að því að vaxandi velsæld víki fátækt úr vegi, að gagnkvæmur skilningur og virðing setji svip á sambúð þeirra sem aðhyllast ólík trúarbrögð og alin eru upp í samfélögum þar sem framandi siðmenning og ólíkir kynþættir bregða birtu á daglegt líf.

Umburðarlyndi á að vera leiðarljós í samskiptum þjóða og áherslan á sameiginlega hagsmuni eyða sérhyggju og hatri. Hryðjuverkin skelfilegu fyrir í haust sýndu að örlög allra jarðarbúa eru tvinnuð saman, að veröldin er órofa heild og framtíð mannkyns knýr þjóðir heims til að vinna saman.

Við Íslendingar getum þótt fáir séum lagt þessari þróun lið. Við höfum sýnt hvernig fátækir sjómenn og bændur breyttu með samstöðu og framtaki kyrrstæðu samfélagi í fjölbættan og iðandi vettvang þar sem ólíkar stéttir og nýjar starfsgreinar náðu að skapa þjóðartekjur til jafns við það besta sem þekkist í veröldinni, rækta sjálfstæða menningu og listir, skapandi vísindi og fræði.

Við höfum líka reynt að taka vel á móti góðu fólki sem hingað kemur um langan veg, margir úr fjarlægum heimsálfum, til að gerast virkir þátttakendur í þjóðlífinu. Það var ánægjulegt að sækja heim á liðnu ári þjóðahátíð á Vestfjörðum og aðra á Austurlandi þar sem fólk frá um fjörutíu löndum samgladdist yfir fjölbreytninni sem nú setur svip á byggðarlögin. Í þessum efnun hafa hinar dreifðu byggðir sýnt höfuðborgarsvæðinu verðugt fordæmi og vonandi verður andinn sem einkenndi þjóðahátíðirnar fyrir vestan og austan samnefnari þess fjölmenningarlega samfélags sem nú er í mótun á landi okkar.

Jafnframt er mikils virði að varðveita frið og öryggi sem einkennt hafa íslenskt þjóðlíf, að hið opna og frjálsa samfélag sem hér hefur þróast með lýðrættindi og samhug að leiðarljósi verði um alla framtíð kennimark Íslands, að það sem víða um heim er fjarlægur draumur verði áfram okkar veruleiki.

Í ávarpi sínu til þjóðarinnar á nýársdag fyrir hálfri öld sagði Sveinn Björnsson fyrsti forseti Íslands:

„Því verður ekki neitað, að á liðnu ári hafa gerst atburðir í heiminum, sem ættu að opna augum manna fyrir því hvers virði það er, ef hægt væri að skapa frelsi frá eða öryggi gegn ótta. Margar þjóðir fórna nú miklu til þess að reyna að tryggja slíkt öryggi. Sumum Íslendingum hefir áður fyrir verið hætt við að vanmeta það, hve mikils virði er einmitt þetta: öryggi gegn ótta.“

Ummæli Sveins Björnssonar forseta eiga svo sannarlega erindi til okkar, varpa skýru ljósi á eiginleika sem er dýrmætari en flest annað. Við Íslendingar höfum átt láni að fagna í þessum efnun. Fyrir það erum við þakklát, ekki síst þegar öryggi og óttaleysi eru orðin keppikefli mannkyns alls og baráttan við ógnaröflin sameiginlegt verkefni þjóða heims.

Milljónir manna um veröld víða fagna nú nýju ári og biðja saman um bjarta tíma. Undir þá bæn tökum við heilum huga og vonum að íbúum jarðar hlotnist sú farsæld sem friðurinn hefur jafnan fært.

Ég óska ykkur öllum heilla og hamingju í framtíðinni og bið almættið að halda áfram verndarhendi yfir Íslendingum.